

Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

4. fundur haldinn í D – sal ÍSÍ 20.6.2017 kl. 17:00

Fundinn sátu: Kristinn Arason, Kristín Ívarsdóttir, Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir, Hulda Árnadóttir, Sólveig Jónsdóttir, Íris Svavarsdóttir, Íris Mist Magnúsdóttir, Bergþóra Kristín Ingvarsdóttir og Berglind Pétursdóttir.

Fundargerð ritaði: Sólveig Jónsdóttir

1. Yfirfærsla á myndefni frá VHS yfir á stafrænt form, erum að safna efni í tilefni 50 ára afmælis FSÍ – til samþykktar

Til þess að skrá sögu sambandsins teljum við mikilvægt að safna að okkur myndböndum af okkar helsta afreksfólki í gegnum tíðina. Gaman væri að gera efnið aðgengilegt á samfélagsmiðlum og með þessu móti er hægt að nota efnið í myndbandagerð og fleira fyrir heimasíðu og samfélagsmiðla sambandsins.

Stjórn er sammála því að mikilvægt er að safna saman sögu sambandsins. Kristni Arasyni, varaformanni er fengið að kanna kostnaðarþætti við yfirfærslu efnis á stafrænt form.

2. Boð á upplýsingafund v. Golden Age 2018 – til samþykktar

Árið 2016 fóru yfir 100 manns á vegum FSÍ á hátíðina, sem gekk einkar vel.

Stjórn samþykkir að senda starfsmann á upplýsingafund og hefja vinnu við þátttöku Íslands á Golden Age 2018.

3. Winners finals, tillaga að nýju móti í hóp fimleikum á Íslandi – til samþykktar

Bergþóra, formaður THF, fór yfir tillöguna ásamt Írisi Svavarsdóttur, mótastjóra. Tillagan kemur til að fyrirmynd frá Danmörku og Svíþjóð þar sem mót af þessu tagi hafa gefist sérstaklega vel.

Stjórn samþykkir tillöguna og fagnar nýrri hugmynd í mótahald næsta vetrar.





4. Boð á UEG seminar um fimleika fyrir alla – til samþykktar

Fimleikar fyrir alla er sá vettvangur fimleikanna sem stjórn hefur einsett sér að auka þáttöku í. Námskeiðið er unnið í samstarfi við breska fimleikasambandið sem hefur undanfarin ár unnið mikið og gott starf í málaflokknum sem hefur verið að skila sér í mikilli aukningu í þátttöku í fimleikum í Bretlandi.

Stjórn samþykkir að senda starfsmann á námskeiðið og greiða fyrir hann flugfargjald til Bretlands, UEG greiðir annan kostnað.

5. Tilnefningar í nefndir – til samþykktar

Farið var yfir tilnefningar í nefndir.

Samþykkt að heilbrigðisnefnd haldi áfram stöfum.

Siðferðisnefnd – Lagt til að Lína Ágústsdóttir verði í forsvari fyrir nefndinni. Íris Mist Magnúsdóttir verður starfsmaður nefndarinnar.

6. Fjárhagsáætlun móta – drög að hringekju á dreifingu móta á milli félaga næstu 3 árin

Samþykkt að Sólveig og Íris boði forsvarsmenn félaga á fund og Íris vinni svo áfram og skili inn til stjórnar á fyrsta fund stjórnar eftir sumarleyfi

7. Fjárhagsáætlun námskeiða – til upplýsinga
8. Framkvæmdastjórafundur í Finnlandi – til upplýsinga
9. Gögn frá ÍSÍ frá Íþróttapingi – til upplýsinga
10. Drög að fræðsludagskrá – til upplýsinga
11. Samstarf við HR – til samþykktar

Fundi slitið kl. 18:30

5. fundur stjórnar verður haldinn þann ágúst

